

fært fram fyrir því, að hann hafi beðið tjón af hinum saknæmu ummælum auglýsingarinnar.

Eftir öllum málsatvikum, þar á meðal hinum langa tíma, sem liðinn er frá birtingu hinna margnefndu ummæla, verður ekki talin ástæða til að skylda kærða til að leiðrétta þau atriði auglýsingarinnar, sem hann er nú sakfelldur fyrir.

Rekstur máls þessa hefir verið vitalaus.

Miðvikudaginn 9. júní 1937.

Kærumálið

Nr. 2/1937. **Sigurður Þorsteinsson f. h. Rauðar-
árbúsins**

gegn

Mjólkursamlagi Kjalarnesþings

Endurupptaka máls fyrir héraðsdómi heimiluð.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 13. maí 1937:
Stefndum í máli þessu, Mjólkursamlagi Kjalarnesþings, skal heimilt að endurupptaka það.

Dómur hæstaréttar.

Úrskurði þeim, er í máli þessu greinir, upp-
kveðnum í bæjarþingi Reykjavíkur 13. maí þ. á.,
hefir kærandi, Sigurður Þorsteinsson f. h. Rauðar-
árbúsins, skotið til hæstaréttar með kæru 14. s. m.
samkvæmt 199. gr. laga nr. 85/1936, og má fallast
á, að dómsathöfn sem þessi sæti kæru svo sem segir
í nefndri grein. Kom kæran ásamt bréfi héraðs-
dómarans, dags. 24. s. m., og skjölum málsins til
dómsins 25. s. m. Ennfremur hefir dóminum bor-
izt sóknarskjal frá kæranda, dags. 26. s. m., og kom

það í hendur réttarins 31. s. m., Var málið því næst, að lögboðnum fresti liðnum og án frekari athugasemda frá héraðsdómaranum eða málsaðiljum, tekið til dóms 7. þ. m., og er því dæmt samkvæmt framlögðum skjölum.

Kærandi hefir krafizt þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og að héraðsdómarinn verði skyldaður til að leggja dóm á málið, eins og það liggur nú fyrir. Svo krefst hann og, að varnaraðilji, Mjólkursamslag Kjalarnespings, verði dæmdur til að greiða kostnað við málsskotið með kr. 62.25.

Í þinghaldi í máli þessu í bæjarþingi Reykjavíkur hinn 29. apríl þ. á., þegar endurupptökustefnan féll í rétt, skýrði umboðsmaður varnaraðilja, Eggert Claessen, hæstaréttarmálflutningsmaður, svo frá og lét færa til bókar, að hinn 14. apríl þ. á., daginn áður en málið var tekið til dóms í héraði, hafi hann fengið til athugunar frá umboðsmanni sóknaraðilja sóknarframhald eða „bókun“, sem leggja átti fram í málinu, er það félli í rétt daginn eftir. Hafi hann þá átt símtal við umboðsmann sóknaraðilja og skýrt honum frá því, að hann mundi þurfa að fá frest í málinu í réttarhaldinu daginn eftir. Þessari umsögn hefir ekki verið mótmælt sérstaklega af hálfu sóknaraðilja, og verður því að ætla, að símtal með slíku efni hafi átt sér stað milli umboðsmannanna umgetinn dag. Nú er það alkunnugt, að þegar svo stendur á í málflutningi, sem hæstaréttarmálflutningsmenn annast við réttina hér í Reykjavík, að fyrirfram er vitað, að ekki verður annað gert í tilteknu þinghaldi í málinu en að taka og veita frest í því, þá láta þeir oft og tíðum mæta fyrir sig í því þinghaldi umboðsmenn, sem eru ó-

kunnugir málinu, og þessvegna ekki við því búinir, að færa fram rökstuðning um einstök atriði, sem málið eða málflutninginn varðar. Og þar sem ætla verður, eins og fyrrgreindri staðhæfingu umboðsmanns varnaraðilja og málflutningnum í sambandi við hana er háttað, að hann hafi haft ástæðu til að gera ráð fyrir því, að í nefndu þinghaldi 15. apríl þ. á. yrði ekki þörf annarra aðgerða af hans hálfu en að biðja um og taka frest í málinu, þá þykir mega jafna þessari ástæðu fyrir fjarveru hans sjálfs úr þinghaldinu nefndan dag til lögmætra forfalla. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Samkvæmt þessum úrslitum fellur málskostnaður fyrir hæstarétti niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum kærða úrskurði skal óraskað.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Þegar mál þetta kom fyrir rétt 1. apríl s. l., fékk umboðsmaður stefnanda skjöl þess lánuð og frest í því til 15. sama mánaðar. Er það féll í rétt þann dag, skilaði umboðsmaður stefnanda skjölum málsins aftur, mótmælti síðustu vörn umboðsmanns stefnds, rjsh. 29, og lagði málið í dóm, án þess að leggja neitt nýtt fram. Í þessu réttarhaldi var ekki mætt í máli þessu af hálfu stefnds. Hinn 20. apríl var svo gefin út endurupptökustefna í málinu af hálfu stefnds, og skyldi málið skv. henni koma fyrir rétt 29. apríl. Í endurupptökustefnunni gerði umboðsmaður stefnda þær réttarkröfur, að málið yrði að nýju tekið upp til flutnings, að vitnaleiðsla yrði látin fram fara, sér yrðu léð skjölin og veittur frestur, ef hann teldi þess þörf, til upplýsingar málinu.

Þegar málið kom fyrir rétt eftir endurupptökustefn-

unni 29. apríl s. l., var mætt í því af hálfu beggja aðilja. Mótmælti umboðsm. stefnanda harðlega endurupptökuunni, enda taldi hann hana með öllu óheimila af þeim rökum, sem nú greinir: Í 222. gr. l. nr. 85/1936 sé svo ákveðið, að um endurupptöku máls skuli gilda reglur l. nr. 85 frá 1936, enda þótt málið sé þingfest fyrir gildistöku þeirra, með þeirri undantekningu einni, að stefndur megi fá mál sitt endurupptekið einu sinni eftir gömlu reglunum, hafi hann eigi mætt í því áður en l. nr. 85 frá 1936 komu til framkvæmda. Í máli þessu hafi verið mætt fyrir gildistöku l. nr. 85/1936 og sé því ekki heimilt að endurupptaka það eftir gömlu reglunum og fari því endurupptaka þessi eftir reglum l. nr. 85/1936, en samkvæmt þeim sé endurupptaka því aðeins heimil, að stefndur hafi haft lögleg forföll eftir 9. gr. þeirra laga. Umboðsmaður stefnds hafi látið mæta af sinni hálfu í öllum málum, er hann hafi átt fyrir bæjarþinginu daginn, sem mál þetta var dómtekið, og hafi það aðeins verið að yfirlögðu ráði og í þeirri von að geta tafið málið með endurupptöku, að staðgengill umboðsmanns stefnda mætti ekki í því í þetta skipti. Og þar eð samkvæmt þessu hafi ekki verið um lögmæt forföll að ræða, þá sé endurupptaka málsins einnig óheimil skv. hinum nýju reglum laga nr. 85/1936 og beri því að neita um hana.

Rétturinn verður nú að fallast á það með umboðsm. stefnanda, að um endurupptöku máls þessa fari eftir reglum laga nr. 85/1936 skv. síðari hluta b-liðs 222. gr. þeirra laga. En samkv. þeim reglum er endurupptaka málsins aðeins heimil, ef stefndur, sem hvorki hefir mætt né látið mæta í máli, sannar forföll sín fyrir dómara.

Þegar mál þetta kom fyrir rétt eftir endurupptöku-stefnunni, skýrði umboðsmaður stefnds svo frá, að daginn áður en málið var dómtekið hafi umboðsmaður stefnanda sent sér framhaldssókn í því, sem hann hafi ætlað að leggja fram daginn, sem málið var dómtekið ($1\frac{1}{4}$). Hafi þeir síðan átt samtöl um málið, og hann þá tjáð umboðsm. stefnanda, að hann mundi biðja um frest í því.

Þegar málið hafi komið fyrir, hafi umboðsmaður stefnanda þó ekki lagt fram nefnda framhaldssókn, en lagt málið í dóm. Þessu hafi staðgengill sinn í réttin-

um þenna dag ekki átt von á, og þar eð hann hafi ekki þekkt neitt til málsins, hafi hann ekki getað gætt hagsmuna stefnds og því ekki mætt í því. Nú hafi staðið svo á fyrir sér, að hann hafi verið forfallaður á heimili sínu þenna dag, en hinsvegar hafi hann haft í höndum gögn til styrktar frestbeiðni til vitnaleiðslu, þar eð sér einmitt daginn áður hafi borizt vitneskja um, að hin umstefnda skuld væri greidd og að unnt væri að sanna það með því að leiða skrifstofustjóra Mjólkursamsölunnar sem vitni í máli þessu.

Þar sem umboðsmaður stefnds er hæstaréttarmálflutningsmaður, verður rétturinn að leggja trúnað á frásögn hans um það, að hann hafi sjálfur verið forfallaður frá að mæta í málinu nefndan dag. Fyrirskipanir þær, er hann gaf manni þeim, sem mætti fyrir hann í réttinum þenna dag, virðast, að því er mál þetta snertir, hafa verið miðaðar eingöngu við það, að umboðsmaður stefnanda leggði fram umrædda framhaldssókn, eins og hann hafði skýrt umboðsmanni stefnds frá, að hann myndi gera. Var því eðlilegt, að maður þessi gæti ekki mætt í málinu, þegar umboðsmaður stefnanda stóð ekki við það, að leggja fram framhaldssóknina, en lagði málið í dóm, enda vissi hann þá ekki, hvað umboðsm. stefnds vildi láta gera við málið.

Skv. framansögðu verður rétturinn að líta svo á, að með sérstöku tilliti til hegðunar umboðsmanns stefnanda, að lögleg forföll liggi til þess, að ekki var mætt af hálfu stefnds í máli þessu, er það var dómtekið 15. apríl s. l. Og með tilliti til þessa, sem og þess, hversu áriðandi það virðist vera fyrir úrslit málsins, að vitni það verði leitt, er umboðsmaður stefnds hyggst að leiða, þá þykir verða að leyfa endurupptöku þess, enda þótt umboðsm. stefnanda mótmæli því.

Uppkvaðning úrskurðar þessa hefir dregizt um eina viku, sökum þess að næsta réttardag, eftir að málið var tekið til úrskurðar, bar upp á uppstigningardag.